

**25. fundur hverfisráðs Grímseyjar 11. febrúar 2016.**

**Mætt: Jóhannes Gísli Henningsson formaður**

**Karen Nótt Halldórsdóttir ritari**

**Sigfús Jóhannesson**

1. Bæta þarf netsamband í Grímsey hið bráðasta.
2. Fólk er farið að lengja eftir því að samþykkt ríkisstjórnar um fjölgun ferjuferða og lækkun flugfargjalda komist í gagn. Það.
3. Grímseyinga langar að byggja sólpall fyrir framan félagsheimilið og bæta aðgengi að húsinu fyrir fé félaganna; Kiwanis og kvenfélagsins.
4. Menn vantar sárlega í viðhald á þeim húseignum Akureyrarbæjar í eyrni, ansi mörg hús eru farin að láta á sjá. Eins vantar menn frá bænum í almenna fegrun innan“bæjar“.
5. Eins og er er hvort tveggja bókasafnið og Fiske-safnið staðsett inni í horni á annari skólastofunni í Múla. Nauðsynlegt er að hafa undir þetta sérherbergi eða –húsnæði þar sem um mikil menningarvermæti er að ræða. Eins eru túristarnir áhugasamir um Fiske-safnið og hálfkjánalegt er að sýna þeim það eins og það er staðsett í dag. Þess má geta að ekkert safn er í Grímsey.